



Fréttatilkynning  
til fjölmiðla  
frá skrifstofu forseta Íslands

## **EYRARRÓSin** **athöfn á Bessastöðum**

Eyrarrósinn verður afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag  
mánudaginn 15. febrúar kl 16:00.

Eyrarrósinn er sérstök viðurkenning fyrir framúrskarandi  
menningarverkefni á landsbyggðinni sem Listahátíð í Reykjavík,  
Byggðastofnun og Flugfélag Íslands hafa sett á stofn. Verndari  
Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú og mun hún afhenda  
viðurkenninguna og verðlaunagripinn.

Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2010:

- *Tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystra,*
- *Eiríksstaðir í Haukadal og*
- *Skjaldborg – hátíð íslenskra heimildarmynda á Patreksfirði.*

Eitt þessara verkefna hlýtur verðlaunafé að upphæð 1,5 miljónir króna  
og verðlaunagrip sem Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona hefur  
gert.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er velkomið að vera viðstaddir  
athöfnina á Bessastöðum, en nánari upplýsingar um Eyrarrósina veita  
Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Listahátíðar og  
Steinunn Þórhallsdóttir kynningarstjóri hjá Listahátíð í Reykjavík í síma  
561 2444 og 862 3242.

*15. febrúar 2010.*